



Heilsársfrístund mars 2008 NEW

(Heilsársfrístund mars 2008 NEW 27.3.2008)

Lýsing á Rannsókn


Nafn	Heilsársfrístund mars 2008 NEW
	27.3.2008
Gerð virk	13.3.2008 - 14:51
Gerð óvirk	
Tímabil	13.3.2008 - 27.3.2008
Aðferð	Tölvupóstkönnun
Númer könnunar	9802

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	2685
Fjöldi svarenda	1529
Svöruðu ekki	1156
Svarhlutfall	56,95%


1. Í hvaða frístundaheimili er barnið þitt/hefur þú sótt um fyrir barnið þitt?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Álfheimar- Hólabrekkuskóli	36	2,36%	+/-0,76%
Álftabær- Álftamýrarskóli	34	2,23%	+/-0,74%
Bakkasel- Breiðholtsskóli	54	3,54%	+/-0,93%
Brosbær-Engjaskóli	31	2,03%	+/-0,71%
Denni Dæmalausi- Seljaskóli	70	4,59%	+/-1,05%
Draumaland- Austurbæjarskóli	45	2,95%	+/-0,85%
Fjósið- Sæmundarskóli	64	4,20%	+/-1,01%
Frissi Friski- Ölduselsskóli	33	2,17%	+/-0,73%
Frístund- Háteigsskóli	37	2,43%	+/-0,77%
Glaðheimar- Langholtsskóli	0	0%	+/-0,00%
Hlíðaskjól- Hlíðaskóli	59	3,87%	+/-0,97%
Hvergiland- Borgaskóli	37	2,43%	+/-0,77%
Kastali- Húsaskóli	44	2,89%	+/-0,84%
Kátakot- Klébergsskóli	7	0,46%	+/-0,34%
Klapparholt- Norðlingaskóli	56	3,67%	+/-0,94%
Krakkakot- Hvassaleitisskóli	39	2,56%	+/-0,79%
Langholtshöll- Langholtsskóli	3	0,20%	+/-0,22%
Laugarsel- Laugarnesskóli	0	0%	+/-0,00%
Neðstaland- Fossvogsskóli	49	3,22%	+/-0,89%
Plútó- Fellaskóli	18	1,18%	+/-0,54%
Regnbogaland- Foldaskóli	37	2,43%	+/-0,77%
Selið- Melaskóli	144	9,45%	+/-1,47%
Simbað- Hamraskóli	30	1,97%	+/-0,70%
Skólasel- Ártúnsskóli	38	2,49%	+/-0,78%
Skýjaborgir- Vesturbæjarskóli	46	3,02%	+/-0,86%
Sólbúar- Breiðagerðisskóli	83	5,45%	+/-1,14%
Stjörnuland- Ingunnarskóli	71	4,66%	+/-1,06%
Tígrisbær- Rimaskóli	54	3,54%	+/-0,93%
Töfrasel- Árbæjarskóli	62	4,07%	+/-0,99%
Undraland- Grandaskóli	75	4,92%	+/-1,09%
Vesturhlíð- Öskjuhlíðaskóli	42	2,76%	+/-0,82%
Víðisel- Selásskóli	29	1,90%	+/-0,69%
Vík- Víkurskóli	65	4,27%	+/-1,01%
Vogasel- Vogaskóli	0	0%	+/-0,00%
Ævintýraland- Korpuskóli	32	2,10%	+/-0,72%
Alls	1524	100%	




2. Kyn barns?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Stelpa	772	50,69%	+/-2,51%
Strákur	751	49,31%	+/-2,51%
Alls	1523	100%	




3. Í hvaða bekk er barn þitt?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
1. bekk	691	45,49%	+/-2,50%
2. bekk	527	34,69%	+/-2,39%
3. bekk	219	14,42%	+/-1,77%
4. bekk	43	2,83%	+/-0,83%
1. til 10. bekk, Vesturhlíð frístundaheimili	39	2,57%	+/-0,80%
Alls	1519	100%	




4. Myndir þú að einhverju leyti nýta þér þjónustu fristundaheimila í sumar?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Já	1180	77,38%	+/-2,10%
Nei	128	8,39%	+/-1,39%
Veit ekki	217	14,23%	+/-1,75%
Alls	1525	100%	




5. Ef já þá hvaða vikur í sumar? Hægt er að merkja við eins margar vikur og þú telur þig hafa þörf fyrir.

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
2. júní til 6. júní	911	71,12%	+/-2,48%
9. júní til 13. júní	990	77,28%	+/-2,29%
16. júní til 20. júní	925	72,21%	+/-2,45%
23. júní til 27. júní	851	66,43%	+/-2,59%
30. júní til 4. júlí	708	55,27%	+/-2,72%
7. júlí til 11. júlí	493	38,49%	+/-2,66%
14. júlí til 18. júlí	358	27,95%	+/-2,46%
21. júlí til 25. júlí	292	22,79%	+/-2,30%
28. júlí til 1. ágúst	281	21,94%	+/-2,27%
5. ágúst til 8. ágúst	452	35,28%	+/-2,62%
11. ágúst til 15 ágúst	689	53,79%	+/-2,73%
18. ágúst til 25. ágúst	741	57,85%	+/-2,70%
Alls	7691	100%	




6. Ef já þá hvar? Hægt er að merkja við fleiri en einn stað.

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Álfheimar- Hólabrekkuskóli	39	2,97 %	+/-0,92%
Álftabær- Álftamýrarskóli	37	2,82 %	+/-0,90%
Bakkasel- Breiðholtsskóli	46	3,51 %	+/-1,00%
Brosbær-Engjaskóli	37	2,82 %	+/-0,90%
Denni Dæmalausi- Seljaskóli	73	5,56 %	+/-1,24%
Draumaland- Austurbæjarskóli	43	3,28 %	+/-0,96%
Fjósið- Sæmundarskóli	63	4,80 %	+/-1,16%
Frissi Friski- Ölduselsskóli	27	2,06 %	+/-0,77%
Frístund- Háteigsskóli	31	2,36 %	+/-0,82%
Glaðheimar- Langholtsskóli	4	0,30 %	+/-0,30%
Hlíðaskjól- Hlíðaskóli	53	4,04 %	+/-1,07%
Hvergiland- Borgaskóli	37	2,82 %	+/-0,90%
Kastali- Húsaskóli	37	2,82 %	+/-0,90%
Kátakot- Klébergsskóli	6	0,46 %	+/-0,37%
Klapparholt- Norðlingaskóli	52	3,96 %	+/-1,06%
Krakkakot- Hvassaleitisskóli	41	3,13 %	+/-0,94%
Langholtshöll- Langholtsskóli	6	0,46 %	+/-0,37%
Laugarsel- Laugarnesskóli	4	0,30 %	+/-0,30%
Neðstaland- Fossvogsskóli	44	3,35 %	+/-0,97%
Plútó- Fellaskóli	19	1,45 %	+/-0,65%
Regnbogaland- Foldaskóli	59	4,50 %	+/-1,12%
Selið- Melaskóli	100	7,62 %	+/-1,44%
Selið- Melaskóli	91	6,94 %	+/-1,37%
Skólasel- Ártúnsskóli	32	2,44 %	+/-0,83%
Skýjaborgir- Vesturbæjarskóli	44	3,35 %	+/-0,97%
Sólbúar- Breiðagerðisskóli	74	5,64 %	+/-1,25%
Stjörnuland- Ingunnarskóli	71	5,41 %	+/-1,22%
Tígrisbær- Rimaskóli	59	4,50 %	+/-1,12%
Töfrasel- Árbæjarskóli	68	5,18 %	+/-1,20%
Undraland- Grandaskóli	64	4,88 %	+/-1,17%
Vesturhlíð- Öskjuhlíðaskóli	41	3,13 %	+/-0,94%
Víðisel- Selásskóli	24	1,83 %	+/-0,73%
Vík- Víkurskóli	68	5,18 %	+/-1,20%
Vogasel- Vogaskóli	5	0,38 %	+/-0,33%
Ævintýraland- Korpuskóli	36	2,74 %	+/-0,88%
Alls	1535	100 %	




7. Ef já, hvaða tíma dagsins myndir þú nýta?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Milli kl. 8:00 og 16:00	368	27,65%	+/-2,40%
Milli kl. 9:00 og 16:00	344	25,85%	+/-2,35%
Milli kl. 9:00 og 17:00	195	14,65%	+/-1,90%
Milli kl. 8:00 og 17:00	268	20,14%	+/-2,15%
Milli kl. 8:00 og 12:00	35	2,63%	+/-0,86%
Milli kl. 12:00 og 17:00	52	3,91%	+/-1,04%
Veit ekki	69	5,18%	+/-1,19%
Alls	1331	100%	



8. Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram um þjónustu frístundaheimilanna?

Svar	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk hlutfalla
Skrifið hér	418	100,00%	+/-0,00%
Alls	418	100%	



Skrifið hér:

- heitur matur innifalinn
- Við höfum beðið eftir plássi í allan vetur. Svo virðist sem þessi þjónusta sé ekki í boði. Erum orðin vonlítill eftir plássi.
- að mínu mati er unnið frábært starf þar með börnunum og stelpa mín er svakalega ánægð þar. Ég kem til með að lenda í vandræðum með hana í sumar.
- Að þau verði í öðru umhverfi en börnin eru í allan veturinn.
- Æskilegt væri að börnin geti nýtt sér námskeið íþróttafélaganna sem hluta af starfi frístundaheimilis. Annars erum við mjög ánægð með samstarfið við Skýjaborgir.
- Ævintýraland hefur staðið sig mjög vel í vetur. Takk fyrir okkur
- Afar ánægður með þjónustuna og starfsfólkið. Er hinsvega mjög ósáttur við hve lítinn tíma dóttir mín hefur fengið í Vesturhlíð í vetur og ríkti í raun neyðarástand á mínu heimili til áramóta en þá rættist aðeins úr. Það er nauðsynlegt að beita öllum ráðum til að laða að gott fólk til að sinna þessari mikilvægu þjónustu því atvinnuþátttaka foreldra veltur á því hvort hún er veitt eða ekki.
- Afar jákvæð breyting á þjónustu !!!
- Allt á góðri leið, en gera má gott betra t.d. með meiri hópaskiptingu og útivera í fylgd með starfsfólki - eins og starfsfólk sé ekki ráðið til að fara út úr húsi daglega! nema þá helst halda hvort í annað.
- allt samstarf við íþróttafélögin s.s. hjá okkur við val er greinilega vinsælt því flestir krakkarnir í einhverju starfi þar.
- Almennt ánægður með starf frístundaheimilanna en ýmislegt við vetrarstarfið og tenginu við skóla sem má betur fara. Það á væntanlega ekki við í þessari könnun þar sem hún er miðuð við sumarstarfið.
- Alveg frábært starfsfólk í Töfraseli !!
- Ánægð með allt, nema stundum er allt of þungt loft inn í Álfabæ. Mætti hafa glugga meira opna. Stundum eru mörg börn lokuð inni í herbergi að horfa á video og ekki opinn gluggi. Þetta hefur þó verið betra eftir áramót. Útihurðin stundum opin, betra loft inni og meiri útivist hjá krökkunum.
- Annað foreldri er í vaktavinnu þ.a. yfirleitt þurfum við ekki gæslu nema 3 til 4 daga vikunnar, en það er ekki alltaf sömu vikudagarnir
- Árni starfsmaður í Frissa Fríska á stórt hrós fyrir, fyrir að vera alltaf svo hjálpsamur og góður við börnin. Þau gjörumlega dýrka hann og finnst hann frábær :) Hann bregst vel við athugasemdum og er líka flinkur í samskiptum við foreldra.
- Ástæða þess að ég býst ekki við að nýta mér þjónustu Frístundaheimilisins í sumar er sú að líklega verður pilturinn í fótboltaskóla, körfuboltaskóla, á klifurnámskeiði og á útivistarnámskeiði hjá skátunum. Ef hann hefði ekki áhuga á þessu öllu býst ég við að við myndum reyna að nýta okkur frístundaheimili í hverfinu.
- Auka mætti frístunda starf fyrir fatlaða yfir sumartímann. Eilíf vandræði með vistunarúrræði þegar skólinn er búinn.
- Bæði ég og sonur minn erum einstaklega ánægð með starfið og starfsfólkið í Sólubúum. Þarna er allt til fyrirmyndar.
- Bara flott og góð þjónusta, frábærir krakkar sem vinna þarna
- BARA FRÁBÆR
- Bara gott framlag, frábært starf og gott starfsfólk.
- Bara gott mál, lýst vel á sumarnámskeið
- bara halda áfram með gott starf takk
- Bara mjög ánægð með starfið í Sólubúum
- Barnið mitt er í Neðstalandi á veturna, en í Sólubúum á sumrin. Neðstaland er með mjög óviðunandi húsnæði, þannig að ef boðið er upp á leikjanámskeið þar mun ég ekki nýta mér það. Frekar myndi ég nýta mér leikjanámskeið í Sólubúum, þar sem mjög góð aðstaða er.
- Barnið mitt hefur ekki komist að í vetur vegna mannekle, hún er í 2. bekk en svo eru börn í 3 og 4 bekk með pláss. Mér finnst að þetta eigi að endurskoðast að börn í 1 og 2 bekk hafi forgang.
- Betri laun fyrir stafs menn svo þeir haldist í starfi
- bibbidibabbiddibú
- Björg Blöndal forstöðukona frístundaheimilisins Kastala er einstök í sinni röð. Ef fleiri væru eins og hún þá væru engin vandræði!
- Björgu Blöndal og hennar frábæra samstarfsfólki er aldrei of mikið hrósað. Það er merki um frábært starf þegar börnin vilja frekar vera í Kastalanum á skólafríðögum heldur en heima hjá foreldrum sínum. Takk fyrir!
- Dóttir mín er að fara í Unglingavinnuna og því myndi ég ekki nota þjónustu frístundaheimilanna. Ef svo væri ekki myndi ég nýta mér það. Ég tel jákvæða þróun fyrir börnin ef frístundaheimilin verða opin fyrir þau á sumrin líka.
- Dóttir mín er mjög ánægð með frístundaheimilið sitt.
- Dóttir mín hefur verið í Selinu og mig langar að lýsa yfir ánægju minni með starfsemina. Frábært starfsfólk, mikið um að vera og dóttir mín elskar að vera þar.
- Dóttir mín hefur verið nokkrum á leikjanámskeiðum undanfarin sumur og höfum við báðar verið mjög ánægðar með þessi námskeið almennt, það sem er boðið upp á, skipulagið og fleira. Ég vona að þessar breytingar sem áætlaðar eru munu ekki

- hafa áhrif á það góða starf sem unnið var á þessum námskeiðum.
- Dýrt að kaupa viku í einu
 - Ef barnið væri í 1. eða 2. bekk myndi ég mér nýta mér þessa þjónustu. Og ef hún verður í boði í framtíðinni á ég eftir að nýta mér hana.
 - Ef ég þyrfti á pössun að halda í sumar, myndi ég velja frístundaheimilið. Ég prófaði nokkur leikjanámskeið síðasta sumar og frístundaheimilið kom best út.
 - Ef frístundaheimilið er starfrækt að sumri til þá finnst mér nauðsynlegt að það sé nóg um að vera fyrir barnið úti við, ekki bara einar rólur og sandkassi, heldur eitthvað meira og skipulagðir leikir.
 - Ef fullt fæði væri innifalið mundi e'g líka nýta mér það fyrir soninn minn.
 - Ef það á að taka upp sumarvist fyrir börnin finnst mér mjög mikilvægt að það sé gert í samráði við íþróttahreyfingar, td KR og jafnvel hestamannafélög til að brjóta upp sumarið svo það sé sem skemmtilegast fyrir börnin sem þurfa að vera í gæslu. Stutt námskeið eins og kofasmíði, reiðnámskeið, myndlistanámskeið, leirnámskeið, sundnámskeið, náttúruskoðun og þemavikur væru mjög sniðugar. Leikjanámskeið eru oft mjög dýr þannig að ég held að foreldrar séu tilbúnir að greiða hærra verð fyrir frístundaheimilin í sumar en gert er á veturnar gegn því að spennandi starf sé í gangi. Auk þess tel ég mikilvægt að hafa heitan mat í hádeginu eins og boðið er upp á þegar skóli er. Góð hugmynd!
 - Ef þetta á að koma í stað leikjanámskeiðanna, verður starfsemin að vera sambærileg og hæfir tólmstundafulltrúar að sinna starfinu.
 - Ég á annað barn sem er 8 ára og hefur ekki fengið þjónustu í frístundaheimilinu í vetur og er ég ekki ánægð með það!!! Þetta þarf að laga!
 - Ég er ánægð með starfsemi Sólóa.
 - Ég er bæði með strák og stelpu, strákurinn er í 1.bekk og stelpa er í 3.bekk.
 - Ég er bara mjög ánægð með þjónustuna í Draumalandi og vona að það verði opið í sumar
 - Ég er ekki sátt við þá mannekleu sem virðist vera ríkjandi í frístundaheimilunum núna. Það er mikið óryggi td hjá mínum strák vegna sífella mannabreytinga.
 - Ég er í vaktavinnu og myndi að öllum líkindum ekki nýta alla daga í vikunni frá 9-17 heldur bara þá daga sem ég er að vinna. Ég skil hins vegar alveg ef ég þarf að borga fyrir alla dagana vegna þess að plássið væri pantar. Það er ekkert mál mín vegna.
 - Ég er með 2 börn á Frístundaheimilinu hitt barnið mitt er stelpa 9 ára. Varðandi vistun í sumar á frístundaheimilinu þá spilar kostnaðarliðurinn stóran þátt. Einnig líka það að það er smíðavöllur á skólalóðinni allavega 1 mánuð sem ég veit að mínar stelpur myndu vilja vera á frístundaheimilið er líka á skólalóðinni þannig að það er spurning hvort þetta verði á einhvern hátt sameinað. VONA AÐ FRÍSTUNDAHEIMILIÐ VERÐI STARFRÆKT Í SUMAR.....
 - Ég er með tvíburastelpur þannig að mér finnst að mitt svar eigi að gilda tvöfalt.
 - Ég er mjög ánægð með dvöl barns míns í Brosbæ. Starfsfólkið er frábært.
 - Ég er mjög ánægð með frístundaheimilið og finnst það vera mjög jákvætt að hafa það opið yfir sumarið, öryggi og festa fyrir börnin og vonandi verður þetta frábæra starfsfólk líka í sumar:)
 - Ég er mjög ánægð með Selið. Finnst þau hafa staðið sig vel þrátt fyrir mannekleu á stundum. Í Selinu er margt mjög gott starfsfólk og það er yfirleitt mjög ánægjulegt að koma að sækja barnið sitt þar.
 - Ég er mjög ánægð með starfið í Hlíðaskjólí, metnaðarfullt starfsfólk og skapandi starf. Ég verð heima í sumar og því þarf ég ekki þjónustu Hlíðaskjólís að halda. Annars myndi ég nýta þá þjónustu ef hún stæði til boða.
 - Ég er mjög ánægð með starfsemi frístundaheimilisins sem ég nýt þjónustu frá.
 - Ég er mjög ánægð með starfsemi í Hlíðaskjólí - Elísabet og starfsfólkið eiga heiður skilið fyrir þeirra vinnu.
 - Ég er mjög ánægð með starfsfólk og aðstöðu í frístundarheimilinu Kastala
 - Ég er mjög ánægð með starfsfólk Víkur. Þau eru ÖLL svo þæginnleg, glaðleg og góð við krakkana. Kærar þakkir.
 - Ég er mjög ánægð með þá þjónustu sem er veitt í Selinu.
 - Ég er mjög ánægð með þjónustu og starfsfólk í stjórnlundi þau fá hrós frá einni mömmunni allavega
 - Ég er mjög ánægð með þjónustuna
 - Ég er mjög ánægð með þjónustuna í Selinu í Melaskóla.
 - Ég er mjög ánægð með þjónustuna í Selinu, Melaskóla og finnst að þeir sem sjá um starfið þar séu að standa sig frábærlega.
 - Ég er mjög ánægður með Skólasel og þá þjónustu sem þar er í boði. Ég er mjög ánægður með sveigjanlegan tíma sem nýlega var farið að bjóða upp á hjá ykkur. Það er til sóma!
 - Ég er mjög ánægður með þá þjónustu sem veitt er
 - Ég er mjög ánægður með þjónustuna. Sérstaklega að boðið skuli uppá heilsdagsþjónustu á frídögum skólanna.
 - Ég er mjög sátt við gæslu dóttur minnar og ef það yrði tekið upp á sumrin líka þá hjálpar það án efa mjög mörgum fjölskyldum þar á meðal minni :-)
 - Ég er nokkuð sátt við starfið í Hlíðaskjólí, nema hvað að mér finnst að eftirlit með börnunum mætti vera betra sérstaklega að börnin skili sér í skjólíð. Þá sé krafna jafnt á foreldra sem starfs. að tilkynningaskildan sé í lagi. Varðandi spurningu 5, þá get ég ekki alveg merkt við á þessari stundu hvenær ég gæti notað þjónustuna, það er ekki búið að skipuleggja fríin hjá okkur foreldrunum en myndi reikna með 4-6 vikum sem við þyrftum í gæslu.
 - Ég fagna mjög þeirri breytingu sem gerð var í vetur sem býður upp á sveigjanlegan dvalartíma. Ég myndi hins vegar vilja sjá skrefið tekið enn lengra þannig að það myndi nýtast foreldrum sem vinna í vaktavinnu. Þ.e. að boðið verði upp á óreglulega viðveru, þ.e. ekki fasta tvo eða þrjá daga í viku heldur mismundandi marga daga í viku. Einnig finnst mér mikilvægt að foreldrum standi til boða að greiða einungis fyrir nýtt tíma en ekki allan daginn óháð viðveru. TAKK.
 - Ég geri ráð fyrir því að nota þjónustu frístundamiðstöðvarinnar Ársels og e.t.v. íþróttafélagsins í hverfinu. Ég held að strákurinn þurfi á tilbreytingu að halda í sumar. Við erum mjög ánægð með Víðisel.
 - Ég get ekki annað en notað tækifærið og hrósað því frábæra og metnaðarfulla starfi sem sinnt er í Denna Dæmalausa. Það væri frábært ef hægt væri að hafa meiri samfellu í sumarleyfi barnanna þar sem þau gætu eytt sumrinu, að hluta til að minnsta kosti, með vinunum.
 - Ég get því miður ekki tiltekið ákveðnar vikur þar sem barnsfaðir minn verður eitthvað með hann í sumar og ekki er búið að ákveða hvenær eða hversu mikið. Einnig veit ég ekki hvenær mitt sumarfrí er.
 - Ég hef veigrað mér við að nota sama frístundaheimili á sumrin og það sem barnið gengur í að vetri því ég tel mikilvægt að barnið fái tilbreytingu og fái þá tilfinningu að það sé búið að vera í fríi sem ég óttast að komi ekki ef það er í sömu gæslunni. Tel að það gæti bjargað miklu ef hægt væri að setja upp smíðavöll og hugsanlega einhverja grænmetisræktun líkt og skólagarðana inn í starfið.
 - Ég hef verið einstaklega óánægð með þjónustuna í Bakkaseli í vetur það er ekki nokkur maður sem hefur yfirsýn yfir starfið og umgengnin er til háborinnar skammar.
 - Ég hef verið gríðarlega ánægð með þjónustuna hjá Skólaseli Ártúnsskóla. Starfsfólkið þar undir stjórn þeirra Erlu og Maddýjar er framúrskarandi og stráknum okkar líður mjög vel þar og unnið sér vel. Með kærri þökk ánægð móðir
 - Ég held að börn hafa gott að skipta um umhverfi og of mikið sé að hafa þau á sama stað allt árið, nema kannski ef "programmið" verði breytilegt og öðruvísi en á veturnar.
 - Ég merkti ekki við hvaða vikur ég mundi sækja um fyrir barnið því sumarfríð er ekki alveg ráðið að svo stöddu. En til greina kæmi að sækja um vist í 2-4 vikur í sumar ef það væri hægt.
 - Ég mun ekki nýta mér þjónustuna nema að boðið sé upp á gæðþjónustu - þar sem menntað fagfólk - helst á sviði lista - vinnur á skapandi hátt með barninu. Á þessu finnst mér verulegur misbrestur. Einnig finnst mér að bæta þurfi verulega aðstöður og skapa börnunum áhugaverðara umhverfi. Kannski mætti líka styrkja aðra til góðra verka. Mér finnst í raun alveg nóg að börnin séu í skólanum allt skólaárið í 10 ár - þó þau séu ekki líka þarna á sumrin!

- Ég mun nýta mér leikjanámskeið ef þau eru í boði. En ég mun ekki nota þjónustuna til barnagæslu.
- ÉG mundi vilja að það yrðu námskeið ætluð eldri krökkunum - veit að hann vill ekki vera með 6-7 ára, finnst þau of mikil "smábörn"
- Ég myndi bara nýta mér þjónustu frístundaheimilina ef þau myndu bjóða upp skemmtilegt prógram svipað og leikjanámskeið ÍTR og íþróttafélagin hafa verið að bjóða upp á sumrin.
- Ég myndi gjarnan vilja sjá meiri samvinnu milli ÍTR og annarra stofnanna t.d. ef Myndlistaskólinn í Reykjavík byði uppá námskeið fyrir þennan aldurshóp í Korpúlfsstöðum, og nægjanlegur fjöldi nemenda sækti það, þá myndi starfsmaður gæslunnar fylgja barnahópnum yfir í Korpúlfsstaði og sækja þau þangað aftur. Þetta má heimfæra uppá íþróttafélagin og aðra sem bjóða uppá tómstundastarf fyrir börn.
- Ég myndi gjarnan vilja sjá fleiri sérhæfð námskeið í anda hjólréiðanámskeiðanna þar sem þau virðast almennt vera betur skipulögð og njóta meiri hylly hjá krökkunum. Ég vil frekar borga aðeins meira og fá í staðinn meira en bara daggæslu.
- Ég myndi nýta mér þetta ef starfið væri þannig að krakkarnir væru duglegir að vera út að leikja sér og að starfið væri uppbyggjandi og jafnvel þematengt. List mjög vel á þennan möguleika og gæti hugsað mér að nýta ofangreindar vikur þó svo það liggji ekki 100% fyrir nú þegar
- Ég myndi vilja að frístundaheimilin tækju frí á sama tíma og leiksólarnir í hverfinu, þannig að fólk sem á börn á leikskóla og í grunnskóla gætu stíllt fríð sitt saman.
- Ég myndi vilja fá að vita meira hvort gert sé ráð fyrir börnum með sér þarfir fá að vera yfir sumartímann í skólaskjólinu, börn sem eru í skólaskjólinu með stuðning núna, fáum við samskonar stuðning þá yfir sumarið ?
- Ég myndi vilja geta valið um t.d. 2-4 daga í viku og jafnvel fengið að velja stundum hálfan daginn og stundum heilann dag. Ég vinn vaktavinnu á spítala og get valið dagana með góðum fyrirvara, t.d. við skráningu. Takk fyrir og ég vona að það verði sveigjanleiki fyrir vaktavinnufólk.
- Ég myndi vilja nýta þjónustuna frá 8:50-14:00 Ég myndi vilja að það væri meira gert með þeim en var gert í fyrra því börnin voru mjög leið og fannst mest verið að hanga og horfa á sjónvarp.
- Ég myndi vilja sjá skipulagða starfsemi, göngutúra, þemu, íþróttir og slíkt eins og verið hefur á sumrin
- Ég tel að unnið sé gott starf á frístundaheimilum, allavega er dóttir mín mjög ánægð
- Ég teldi mikilvægt að lagt væri áherslu á að börnin (allt eftir aldri og getu) fengu tækifæri til að leggja stund á eitthvað uppbyggjandi eins og rækta grænmeti, læra um dýrin og sveitina, fara reglulega í sund (leika sér) eða hitta gamla fólk á Elliheimilunum til að læra um gamla tíman og heyra sögur og kynnast lífi gamla fólksins. Einnig væri hægt að fara á söfn, bókasafn og halda leskeppniir og fara á hestbak. Takk fyrir mig.
- Ég væri alveg til í það að hún væri ekki lengur á biðlista. Það er eitthvað bogið við það að vera að fylla þetta út og vera búin að sækja um fyrir næsta vetur og vera ekki kominn inn fyrir þennan vetur.
- Ég var ánægð með leikjanámskeiðin sem voru sl sumar, sonur minn þá 8 ára fór á nokkur. Skemmtileg fyrir börnin og hagstæð fyrir foreldrana. Grunnurinn er því nokkuð góður og mæli ég því með að umturna ekki öllu sem var í því kerfi.
- Ég veit ekki hvenær fjölskyldan fer í sumarfrí í sumar, en dóttir mín myndi taka sér a.m.k. 4 vikna samfellt sumarfrí.
- Ég verð heima í sumar þannig að ég hef ekki hugsað út í það að senda barn í frístundaheimili yfir sumarið.
- Ég vil bara nota tækifærið og hæla starfsfólkinu í Víðiseli, þau eru frábær og barnið mitt hlakkar alltaf til að fara þangað. Veit ekki hvort íþróttaskólinn er á ykkar vegum en það er frábært framtak sem ég vona að verði í boði aftur næsta vetur og þá fyrir fleiri en bara 6 ára bekinga. Takk!!!
- Ég vil frekar hafa leikjanámskeið heldur en hefandið frístundaheimili, ég merkti við eins og ég myndi ekki nýta mér það en ég mun endurskoða það ef það verður leikjanámskeið eða smíðavöllur eða eitthvað svipað.
- Ég vil koma á framfæri að ég á annað barn, strákur í 3 bekk sem ég myndi vilja nýta þjónustuna fyrir líka. Var ekki hægt að velja fleiri en eitt barn. Takk fyrir góða þjónustu, mér lýst mjög vel á þessa heilsársopnun. Einnig vil ég koma á framfæri ánægju minni með frístundarheimilið Undraland og konuna sem er yfir þar, hana Auði, hún er alveg frábær í þessu starfi. Einnig hefur mér þótt þetta unga fólk sem þarna vinnur alveg til fyrirmyndar.
- Ég vil nýta tækifærið og þakka fyrir frábært starfsfólk í Vesturhlíð og það starf sem þar fer fram, en alltaf má gera enn betur. Í fyrsta lagi er skráningarfyrirkomulagið afar slæmt, þ.e. fyrstir koma fyrstir fá. Við erum öll eða lang flest í þörf fyrir þessa þjónustu, ekkert val hjá okkur ! Og í öðru lagi er líka miður að ekki sé hægt að bjóða fjölbreyttari þjónustu á sumrin þ.e. sundnámskeið, reiðnámskeið o.s.frv.
- Ég vil taka fram að mér list mjög vel á að þessi þjónusta verði veitt í sumar.
- Ég vil þakka fyrir góða þjónustu og umönnun barna minna. Á bæði strák og stelpu
- Ég vil þakka starfsfólki Hvergilands fyrir frábæra og fjölbreytta þjónustu. Mikið gert fyrir börnin og þau höfð með í ráðum. :)
- Ég vildi gjarnan sjá meiri samvinnu við íþróttafélag og tónlistaskóla yfir vetrartímann. Það væri rosa flott að þegar maður sækir barnið að það sé búið að fara á íþróttæfingu og jafnvel í tónlistatíma. Mér finnst annars vera losara bragur á starfi frístundaheimilisins, megi vera meira skipulagt starf á þessum tíma og þá koma íþróttafélagin og tónlistaskólarnir sterkt inn.
- Ég vill þakka því fólki sem að gefur sig í þessu störf mikið vel fyrir. Án þeirra væri ég sjálfur og ótal margir aðrir í tömu barsli. Haldið áfram því góða starfi sem að þið vinnið. Kv
- Ég vinn vaktavinnu og því væri ekki þörf á vistun fyrir minn dreng alla daga, og eins mismunandi vistunnartímar eftir því á hvernig vakt ég væri.
- Eina sem ég mndi vilja taka sérstaklega fram að það væri nauðsynlegt að frístundarheimilið væri byggt upp á leikjum og útiveru til þess að ég myndi vilja skrá barnið. Væri bara gert til þess að það hefði gaman af.
- Einfaldlega hvað starfsfólkið í Vesturhlíð er ótrúlega jákvætt og duglegt fólk.
- eins og var á Sumarnámskeiði '07 mundi ég vilja einhverskonar hressingu, var með hann allan daginn í fyrrasumar, hefði verið þægilegt að þurfa ekki að nesti fyrir morun-hádegi og síðdegi.
- Einstaklega ánægð með Vesturhlíðina. Vel stjórnað og gott starfsfólk. Mikill metnaður að gera vel.
- Einstaklega notalegt starfsfólk.
- Ekkert annað en að koma á framfæri mikilum stuðningi við hana Hrund sem stjórnar Skýjaborgum - en erfitt er að gera þetta almennilega miðað við þær aðstæður sem hún þarf að búa við, sbr. lélegt húsnæði og skort á fólki. Hún á mikið hrós skilið fyrir sína vinnu og vil ég koma því á framfæri.
- Ekkert nema að ég vona að það náist að manna frístundaheimilin svo allir geti komist að.
- Ekki annað en ánægju með þjónustu Hlíðaskjólís, jákvætt og gott starfsfólk og gott viðmót.
- Ekki bara bjóða upp á þjónustu 8-16 eða 8-12 hvað með smá sveigjanleika og bjóða líka upp á þjónustu frá 8-14. Oft neyðat foreldrar til þess að taka 100% pláss en þurfa jafnvel ekki nema 60%-70%. Þetta er bara hugmynd..... ég á mörg börn og hef oft rekið mig á þetta, s.b.r þegar frístundaheimilin buðu bara upp á 5 daga vikunnar en ekki eins marga og hver og einn þurfti. Þannig gætu börn almennt verið jafnvel í minni vistun en ella. Takk takk.
- Ekki er búið að skoða hvaða hugsanleg námskeið við hefðum áhuga á að skrá drenginn á og því er óljóst hvaða vikur maður myndi vilja nota. Einnig fer það eftir því hvaða dagskrá er fyrirhuguð á frístundaheimilinu. Ef þar yrði t.d. kofasmíði og annað slíkt er áhuginn mikill. Tíminn sem ég myndi helst vilja (en ekki er boðið upp á í könnuninni er 9 eða 10 - 14, þ.e. að barnið fengi hágegismat en væri ekki með langan dvalartíma
- Ekki gert ráð fyrir að maður eigi fleira en eitt barn í könnuninni! Ég valdi bara eitt til að svara fyrir! En varðandi þjónustuna finnst mér líka skipta máli að selja fyrir börnunum að sumarið muni ekki vera venjuleg frístund heldur verði gert eitthvað meira og skemmtilegra. Mín börn hafa samt verið mjög ánægð í Hólmaseli en held þær yrðu döldið hræddar um að þær væru ekki að fá frí ef þær halda bara áfram að mæta á sama stað sumar og vetur. Þeim fannst samt mjög gott að hafa sama starfsfólk (voru nokkrir í Hólmaseli sem voru að vinna í Frissa veturinn áður)
- Ekki nema mjög góð þjónusta, jákvætt og gott starfsfólk

- ekki nóg fyrir stafni. sérstaklega ekki fyrir eldri krakkana. mikil breyting hefur þó orðið í töfraseli 2 síðustu ár. hrós fyrir það!!
- Eldri sonur minn sem var í 2 bekk í fyrra var í Selinu allan júní og leið mjög vel, naut öryggis af því að þekkja aðstæður og starfsmenn. Þessi vinna var til fyrirmyndar í alla staði.
- Elísabet og hennar starfsfólk í Hlíðaskjóli eru alveg frábær. Þau hafa lagt metnað sinn í að byggja upp gott starf.
- Er ánægð með þjónustuna og þann metnað sem er í gangi í Selinu. Mikil starfsmannaskipti eru þó pirrandi.
- Er ánægð með þjónustuna sérstaklega eftir að hægt er að velja þá daga sem barnið dvelur í frístundaheimilinu. Er einnig ánægð með að hafa opið á sumrin.
- Er ánægð með starfið í Vík, finnst reyndar stundum vanta meiri fjölbreytni, gaman ef eh myndi td. kenna þeim að tefla, prjóna og eitthvað þess háttar, en starfsfólkið er flest til fyrirmyndar.
- er bara mjög ánægð með starfið sem er unnið í Álfheimum
- Er ekki boðið upp á þetta í Simbað Sæfara(Hamraskóli?) Mér list annars vel á þennan möguleika.
- Er forsenda fyrir heitum mat í hádegis? Það væri mjög gott
- Er í vaktavinnu. Væri til í að hafa óreglulega vistun, með einhverju lágmarki.
- Er með 2 börn á þessum aldri, svaraði miðað við yngra barnið en hitt hefði líka nýtt sér þetta svipað
- Er með 2 börn í Víðiseli og þau kvarta um að þau fái ekki nóg að borða í kaffitímanum!
- Er með barn í Hlíðaskjóli og forstöðukonan þar er einu orði sagt frábær og það starf sem er í boði þar.
- er með tvíbura strák og stelpu, það var einungis boðið uppá að merkja við annað kynið. Ég myndi hiklaust nota þessa þjónustu og vona svo innilega að hún fari í gang.
- Er með tvö börn stelpu og strák í 1 bekk í Ingunnarskóla og eru þau í Stjörnulandi :)
- Er mjög ánægð með Selið í Melaskóla. Mér sýnist dagskráin vera fjölbreytt og sonur minn er hrifinn af þeim sem þar starfa.
- Er mjög ánægð með starfið hjá Vík í Víkurskóla.
- Er mjög ánægð með starfsemi Selsins og þætti mikill fengur að því að fá starf þar í sumar....
- Er mjög ánægð með starfsemi í Kastalanum (Húsaskóla). Gott að metnaðarfullt starfsfólk á ferðinni þar.
- Er mjög ánægð með starfsemi í Selinu-Melaskóla. Drengurinn er mjög ánægður. Dagskráin er fjölbreytt og brotin upp með þemavikum öðru hvoru.
- Er mjög ánægð með þá þjónustu sem sonur minn fær
- Er mjög ánægð með þjónustuna, gott og skipulagt starf þrátt fyrir mannekleu :-) Þið eigið hrós skilið!!
- Er mjög ánægður með starfsemi frístundaheimilinn það sem ég þekki til.
- Er ofsalega ánægð með þjónustuna í Kastalanum.
- er þakklát fyrir þessa þjónustu. Væri mjög gott að hafa hana yfir sumartímann líka. kv. mamman
- erum með barnið á sólbúum núna og fólkið sem að vinnur þar og öll þjónusta er frábær
- Fer eftir hvað yrði í boði á námskeiðunum hvort við myndum sækja þau.
- Finnst að íþróttafélögin eigi að koma meir inn í störf frístundaheimilina.
- Finnst frábært að boðið sé upp á þessa þjónustu. Foreldrar hafa ekki mörg úrræði þar sem þeir hafa ekki svo langt sumarfrí sem dekkar sumarfrí barnanna. Mér finnst að það ætti að gera fólki auðveldara að finna vist fyrir börnin fyrst ekki er gert ráð fyrir því í sumarleyfi þeirra.
- Finnst íþróttaskólinn mjög jákvæður og finns að ef um sumaþjónustu verður að ræða að leggja meg áherslu á útiveru, íþróttir og leiki.
- Finnst sérstaklega jákvætt ef hægt er að sækja td. fótboltanámskeið á meðan dvöl í Denna er og starfsfólk Denna komi börnum á staðinn
- Finnst starfsfólkið gera gott starf í því ömurlega vinnuumhverfi sem því er skapað af Reykjavíkurborg. Upplifi ekki að það sé fagfólk sem sé að vinna með dóttur minni - nema þá hún Dagný. Geri mér grein fyrir að erfiðlega gengur að manna þessar stöður en það breytir ekki því að þjálfar þarf það starfsfólk sem er að vinna. Dóttir mín er í öðrum bekk og upplifi ég mikinn leiða hjá henni í Tígrishæ. Hún upplifir að það sé alltaf verið að hanga og biðja eftir því að dagurinn líði. Þó svo að henni líki mjög vel við starfsfólkið. Finnst að það mætti bæta í dagskránnar heimavinnutíma - þ.e.a.s. fyrir þá heimavinnu sem börnin geta unnið sjálfstætt eins og skrift og lita myndir. Ef þetta stendur til boða þá hefur því greinilega ekki verið komið nógu vel á framfæri við foreldra. Almenn séð upplifi ég Tígrishæ eins og geymslustað fyrir barnið mitt á meðan ég er að vinna - get ekki sagt að það sé góð tilfinning. Er mjög ósátt við húsnæðið og allt umhverfi í kringum húsnæðið þar sem börnin eru að leika sér. Hef komið þeim kvörtunum áleiðis til hverfastöðva sem virðast ekki hafa fjármagn eða leyfi til þess að gera betrubætur á umhverfinu. Hef ekki komið kvörtun um húsnæðið á framfæri fyrr - en þessir kofarskriflar eru náttúrulega ekkert nema skelfilegir. Ótrúlegt að þurfa að fara með barnið sitt inn í húsnæði sem ætlað er börnum og vita það að um eldvarnargildru er að ræða. Börnin eiga enga undankomuleið ef eldur kviknar í þessum timburkofum. Hef heyrt útundan mér að opinber úttekt sýni að kofarnir séu líka heilsuspillandi. Gott væri að heyra frá ykkur hvort að eitthvað standist í því. Varðandi umhverfið, þegar labbað er að húsinu þarf að ganga á mól sem er í raun ekki mól heldur mjög oddhvassir steinar (hraunmolar) og svo inn á milli eru hnullungar sem mjög auðvelt er detta um þar sem þeir sjást ekki þegar verið er að labba að húsinu - fyrir utan það að hreinlega eyðileggja alla skó nema að þeir séu gönguskór þá er þetta stórhættulegt og Reykjavíkurborg til ósoma. Nú þegar hefur starfsfólk Tígrishæjar þurft að fara með barn upp á slyshadeild þar sem það hefur fengið gat á hausinn eftir leik fyrir framan frístundaheimilið. Einnig er lýsingunni í kringum svæðið ábótavant og í raun efast ég um öryggi barnanna þegar þau eru á heimleið á dimmum vetrareftirmiðdegi. Þessir kofar voru settir til bráðabirgða þegar skólinn var byggður og finnst mér því undarlegt að 15 árum seinna séu þessir kofar þarna enn og þá í fullri notkun. Það getur ekki talist til sóma fyrir framsækna borg eins og okkar að það sé ásættanlegt að bjóða börnunum okkar upp á svona aðstöðu. Bið því spennt eftir því að fá svar við því hvenær breytinga sé von - gott væri að heyra frá ykkur ekki seinna en 15. apríl.
- Finnst þetta frábært átak, vantar svona þjónustu fyrir börnin okkar
- Finnst þjónustan sem ég hef fengið í Selinu Melaskóla hafa verið til fyrirmyndar, miðað við mikla mannekleu. Frábært að hafa eldri borgara að störfum þarna.
- Fjölbreytt námskeið, mikil útivera, fræðsla um lífið og tilveruna, ferðamennsku og öryggi í umhverfinu.
- Flott hjá ykkur að bjóða upp á þessa þjónustu. Veit að margir foreldrar hafa verið að biðja eftir þessu.
- Flott og metnaðarfullt starf. Matseðill VERÐUR að vera betur úr garði gerður (alltaf súrmjólk) - lítið hugsað um næringu, breytileika og hollustu.
- frábær þjónusta
- Frábær þjónusta og gott framtak með heilsársþjónustu í frístundaheimilum. Ég kem til með að nýta mér þessa þjónustu.
- Frábær þjónusta.
- Frábært að geta nýtt þessa þjónustu í sumar Er rosalega ánægð með Sólbúa..
- Frábært að heyra að þetta fyrirkomulag sé í pípunum :-)
- Frábært að nú getur barn verið einn eða tvo daga í viku á frístundarheimilinu án þess þó að borga fyrir alla vikuna. Almenn ánægð með þessa þjónustu.
- Frábært ef þessi þjónusta verður í boði - leysir örugglega vanda margra foreldra.
- Frábært framtak!
- frábært framtak! skólafrí og frí hjá vinnuveitandinn eru nefnilega afar illa samstillt oft á tíðum. þetta er frábær úrræði. Vonandi verður þjónustan ekki rosalega dýr??
- Frábært framtak. Spurning um hvort gleimst hafi að setja inn Hamraskóla eða hvort það sé sameinuð frísund í Grafarvogi?
- Frábært hvað áhugasamt starfsfólk með metnað getur gert.
- Frábært og nauðynlegt framtak
- Frábært starf í Skýjaborgum - jákvætt starfsfólk og innihaldsríkt starf. Húsnæðið er í lamasessi og til skammar fyrir borgina að

- búa svo illa að börnunum í Vesturbæjarskóla.
- Frábært starf sem hefur verið í Töfrasel undanfarin sumur. Skemmtilegar dagskrár.
 - Frábært starfsfólk hjá frístundaheimilinu þar sem mitt barn er.
 - Frábært starfsfólk í Kastala :-)
 - Frábært starfsfólk í Regnbogalandi alltaf upplifað barnið mitt öruggt í þeirra höndum. En mér finnst það eigi að vera systkinaafsláttur á frístundaheimilum líkt og í leikskólum, á tvíbura og verð með 3 börn þar í haust.
 - Frístundaheimili barnsins er alveg til fyrirmyndar. Verulega liðlegt og gott starfsfólk og góður andi ríkjandi.
 - Frístundaheimilið Skólasel í Ártúnsskóla er alveg til fyrirmyndar, frábært starfsfólk og frábær aðstaða.
 - Fyrir þau börn sem eru í hressingu og eru til kl 17, er ekki nóg að fá bara ávöxt, þyrfti að vera eh meira td brauð og jógúrt í kaffinu.
 - gæti hugsað mér að nýta þetta ef að þetta tengdist útiveru og góðu skipulagi með því tilliti einsog gönguferðum veiði sundi og þess háttar og einnig leikjum úti
 - Gaman væri ef hægt væri að fara með þau í sund eða hafa þá eitthvað skipulagt sem gert væri með þau frá viku til viku.
 - get ekki gefið upp hvaða vikur nákvæmlega við þurfum. Fer mjög mikið eftir hvað er í boði í hverri viku og hvernig vinkonurnar plana sig. Starfið í Sólubúum í fyrra virtist falla vel í kramið hjá minni dóttur. Almennt hægt að segja að þjónusta yfir sumarmánuðina er mjög mikilvæg.
 - Góð og nauðsynleg þjónusta
 - Gott framtak ef þetta fyrirkomulag kemst á í stað íþróttanámskeiðanna, sem í flestum tilfellum hafa snúist fyrst of fremst um fótbolta. Mikilvægt að hafa mikla hreyfingu og útiveru inn í sumarnámskeiðunum og reyna að gera dagskrána í einhverju frábregðna vetrardagskrá svo börnin upplifi einhverja breytingu milli verrar og sumars.
 - Gott framtak.
 - Gott framtak.
 - Gott starf en manneklan setur strik í reikninginn stundum. Held samt kannski að börnin hafi gott af því að breyta til yfir sumarið og fara á námskeið í stað þess að vera áfram í frístundaheimilinu í skólanum. Þess vegna veit ég ekki hvort ég myndi nýta mér opnunartilboð þó svo að ég þyrfti á einhverju tómstundastarfi að halda fyrir barnið mitt hluta af sumrinu.
 - Gott starf og metnaðarfullt. Glataður matseðill, lítið hugsað um nærigu, fjölbreytni og næringarþörf.
 - Gott starf skiptir miklu máli og án ykkar gætum við einstæðu foreldrarir ekki unnið fyrir okkur, né ekki heldur hjón. Þessi breyting yrði til mikilla bóta. Kærar þakkir.
 - Gott væri að dagskráin væri áhugaverð og spennandi, hafa uppákomur o.fl. svo dvölin verði ekki leiðinleg.
 - Gott væri að hafa svolítið breyttar áherslur yfir sumartímann. Mikið um íþróttir alls konar bæði hefðbundnar og jaðar. Eins útileiki.
 - Gott væri ef hægt væri að bjóða upp heita máltíð í hádeginu.
 - Gott væri ef vetrarfrí væri ekki á sama tíma og hjá skólanum t.d viku seinna eða þannig
 - Hádegismat, síðdegishressingu, mikla útiveru og margar ferðir í ýmislegt. Húsdýragarðinn, skautuferðir, Nauthólsvík, Elliðárdalur. Övissuferðir. Vera með í skólagörðum þau eru vön því úr leikskólanum. Íþróttakynningar. Sér uppákomur f. stráka og stelpur. Einhver mót, eins og Idolið. Tókst vel. Matreiðslunámskeið, skyndihjálparkynningu, kynning t.d.: á einelti og varnir gegn þeim, að varast varasamt fólk í sundlaugum eða hvar sem er. Þekkja neyðarnúmerið og símanúmerin hjá foreldrum. Næringarkynning. Fá tannfræðing í heimsókn og kenna að bursta tennur. Lét hér nægja en af nógu er að taka.
 - Hæ þetta er góð hugmynd hjá ykkur. Í mínu tilfalli er mikilvægt að þið vinnið með Íþróttaskóla Víkings. T.d. 1/2 dagur þar og svo 1/2 dagur hjá ykkur eða vera bara vera í samstarfi. Samtvinna verkefni enda er Neðstaland í 5 mínútna gangi frá Víkingsheimilinu. T.d. stundar drengurinn minn fótbolta 4 sinnum í viku á sumrin um kl: 12:30 eða 13:00.
 - Hafa betra eftirlit með krökkunum þegar þau fara í sund - hef verið í sundi þar sem eru að koma hópar og hefur fundist hópstjórnirir frekar vera að leika við þau ofan í heldur en að fylgjast með þeim - svona er ekki aftur tekið.
 - he is at Mela school in west side of town but he leaves in Dufnaholar 4. I would like very much if u can give the all information in english or to give me a call 8989702 thank u.
 - hef ekki komið barninu inn enn
 - Hef enn ekki fengið pláss í vetur - sem er afleitt. Reynslan í fyrra (og 2 vikur í fyrrasumar) var hins vegar fín. Ég get ekki lagt næga áherslu á að það verður að manna þannig að 7 ára börn fái gæslu. Þau eru alltof ung til að vera ein / með vinum í lausu lofti en þannig er staðan með allt of mörg 7 ára börn í Seljahverfinu.
 - Hef fengið mjög góða þjónustu í Töfraseli og það væri snillið að fá líka sumaropnun.
 - Hef hingað til verið mjög ánægð með þjónustu frístundarheimilisins í Vesturhlíð og tel enga breytingu þarfa að þessu sinni.
 - Hef verið mjög ánægð með starfssemi í Töfraseli í vetur, góð skipulögð dagsskrá og líka skemmtilegar uppákomur á löngum dögum.
 - Hef verið mjög ánægð með þjónustuna en engu að síður finnst mér gott fyrir barnið að breyta til og fara í annað umhverfi á sumrin, enda hann kominn í 3.bekk. Kannski annað með yngri krakka.
 - Hefði gjarnan viljað geta nýtt mér þjónustuna í vetur, en barnið mitt hefur verið nr 22 á biðlista í allan vetur.
 - Hefur hingað til ekki verið nógu góð aðstaða hjá Frissa Fríska, of lítið pláss fyrir of mörg börn. Svo væri hjallastefnu fyrirkomulag mjög til bóta fyrir frístundarheimilin og myndu bæði gera börnin og starfsfólið ánægðara.
 - Held það yrði mjög kærkomið að geta notfært sér frístundaheimili þar sem barnið er´ með vinum sínum úr hverfinu,
 - Helst Vík en hann var í Engjaskóla og þekkir til í Brosbæ.
 - Hér að ofan svaraði ég ekki játandi einfaldlega af því staðan er þannig hjá mér í sumar að ég myndi ekki nýta mér það. Hins vegar held ég að ef ég yrði spurð fyrir næsta sumar myndi ég merkja við að ég myndi nýta mér starfsemi frístundaheimilisins
 - Hliðaskjól er til fyrirmyndar varðandi þjónustu við yngstu börnin. Eldri börn fá ekki viðfangsefni við hæfi (4. bekk) og vilja ekki nýta þjónustuna. Viðfangsefni við hæfi myndu auðvelda foreldrum að senda börn sín í frístundaheimilið út 4. bekk, en það er mikilvægt að börn séu að vinna verkefni og undir hæfilegu eftirliti á þessum aldri eftir skóla.
 - Hugsanlega þyrftum við ekki á þjónustunni að halda allar þær vikur sem merkt er við þar sem afi/amma eiga eftir að ákveða með sumarfrí (það gætu því 1-2 vikur sem merkt var við dottið út)
 - Hugsanlega tíminn 9:30-15. Frábært ef boðið er upp á smíðavelli, skapandi námskeið, myndlist (ath.samvinnu myndlistaskólans í reykjavík?)og leiklist t.d.
 - Hún er góð
 - Hún er lavig framúrskarandi góð, við mæðgur erum mjög ánægðar
 - Hún er til fyrirmyndir
 - Húsnæði sem boðið er uppá er allsekki nógu gott fyrir þessa starfsemi og skortur á viðhaldi bæði utan og innan dyra. Aðstaða fyrir börnin til að leika sér úti mjög takmörkuð. Of mikil starfsmannavelta. Vantar meira af fagmenntuðu fólki. Mikill metnaður í nýjum yfirmanni frístundaheimilisins og greinilegur áhugi á að bæta innra starf heimilisins.
 - Hvað eru hóparnir stórir? hvað er gert? Er hægt að fara á önnur námskeið einnig?
 - Hvað varðar Víðisel - Seláskóla... langar bara að hrósa henni Hildi sem er þar... sinnir börnunum vel og veitir þeim þægilegar og afslappaðar stundir.
 - Hvort ég myndi nýta þjónustuna eða ekki færi alveg eftir því hvað væri í boði. Ef frístundarheimilin byðu upp á leikjanámskeið eða önnur skipulögð námskeið kæmi það vel til greina. Ekki ef frístundarheimilið yrði starfrækt með sama hætti og gert er á veturna.
 - Hvort ég myndi nýta þjónustuna eða ekki fer algjörlega eftir því hvað er í boði fyrir barnið hjá ykkur. Miðað við það starf sem nú er í gangi myndi ég velja hefðbundin íþróttanámskeið/leikjanámskeið mun frekar. Í svörum er ég að gefa mér að í boði sér fjölbreyttara og skemmtilegra starf en er á veturna. Milli kl. 9-15 hentar best en það er ekki valkostur í könnuninni.

- Í bæklingi sem ég sá síðasta sumar fannst mér spennandi að hafa þemavikur (Tígrissbær-Rimaskóli). Það væri gaman að sjá það aftur á komandi sumri og hafa þetta sem fjölbreyttast. Eins væri spurning hvort "Fjölnir gæti spunnið þetta eitthvað saman við leikjanámskeið - líkt og þeir gera varðandi æfingar í Frjálsum í vetur - þe sækja krakkana á ákveðnum tíma (mánudagar kl 16). Þá er ég að meina að ef leikjanámskeið væri hálfan daginn að það þau væru krakkarnir sóttir í frístundaheimilið.
- Í fyrri var opið í Selinu í júní og það var algerlega til fyrirmyndar námskeiðið. Dóttir mín var yfir sig ánægð það var gott skipulag og ótrúlega indælt starfsfólk sem hún hafði kynnst um veturinn í frístundaheimilinu. Ég vona að það verði sama fyrirkomulag í ár Takk fyrir
- Í Selinu Melaskóla (Fjörhöllin) vantar alla aðstöðu fyrir börnin til útileikja og er tölvuleikur og sjónvarpsgláfl uppistaðan í dagskránni þar.Ég og fleyri foreldrar eru mjög óánægð með þetta fyrirkomulag og að ekkert metnaðarfullt starf með börnunum sé þar en maður hefur ekki um marga kosti að velja þegar maður vinnur úti. Ég vona svo sannarlega að starfsfólkið verði tekið í fræðslu og upplýst hvernig metnaðarfullt dagskrá með börnum á þessum aldri þarf að vera. Sem dæmi þá hefur drengurinn minn farið tvisvar út úr Fjörhöllinni í leiki við önnur börn annas er setið fyrir framan sjónvarpskassan með starfsfólkinu þangað til börnin eru sótt.
- Í tilfelli sonar míns þyrfti stuðningsfulltrúa með honum allan daginn en hann er greindur með dæmigerða einhverfu, athyglisbrest og þroskahömlun.
- Í Töfraseli þurfa börnin að koma með mat með sér fyrir allan daginn og enginn ískápur er á staðnum fyrir þau að geyma nestið sitt. Þetta er óásættanlegt og verður að laga. Best væri að sjálfsögðu að börnunum væri séð fyrir mat á staðnum.
- Já - finnst að forgangur barna í sex ára bekk ætti að miðast við ef sótt er um fyrir 15 júní en ekki í apríl eins og verið hefur.
- Já ég á tvö börn, tvíbura í frístundaheimilinu og því er ég bara að svara fyrir eitt barn í þessari könnun, ekki gert ráð fyrir öðru. Eins hefði ég hug á að nýta mér þjónustuna frá 8:30-14 flesta daga, stöku daga þó til 16.
- Já þetta væri sniðugt ef að öll þau börn sem sótt hafa um frístundarheimili, séu komin inn sem er ekki í mínu tilviki. Er þá miðað við þessa tillögu hjá ykkur víst að þeir sem ekki hafa fengið vistun gangi inn í sumarstarfið ? Hafið þið starfsfólk til að gera þessar breytingar þar sem ekki virðist sem að ykkur takist vel að manna þá starfsemi sem þið eruð með nú þegar.
- Já, líkar rosa vel við fólkið
- Jákvætt og gott framtak, vonandi verður þetta að veruleika !
- Kastalinn er frabaer
- Langar að koma á framfæri ánægju okkar með frístundaheimilið Vík. Frábært starfsfólk sem vinnur frábært starf.
- Langar bara taka það fram að við erum afar ánægð með Skýjaborgir og starfið sem fer fram þar.
- Leggja þarf meiri áherslu á að fá hæft starfsfólk og betri aðstöðu. Aðstaðan á Skýjaborgum er á mörkunum með að vera boðleg.
- List mjög vel á þetta framtak. Mundi gjarnan vilja sjá samstarf við fótbólafélögin og senda þau börn sem æfa fótbolta á æfingar, fyrir eða eftir hádegi, á opnunartíma frístundaheimilanna. takk fyrir
- List vel á þessa hugmynd um heilsársþjónustu.
- Mætti bjóða uppá að kaupa mat fyrir börnin í sumar svo þau þurfi ekki að borða samlokur í allt sumar
- Mætti hafa síðdegishressingu í boði og heitan mat í hádeginu í sumar.
- Mætti laga umgengni barna í fatageymslu. Þau geta gengið mjög vel um, þarf bara að ýta aðeins við þeim. Passa að ávalt sé wc pappír og þurrkur á salernum.
- Mætti taka upp skákkennslu og auka listakennslu:-)
- Mætti tengja betur starf og þjónustu frístundaheimilis við starf íþróttafélaga og tónlistarskóla.
- Mætti vera miklu jákvæðara andrúmsloft, oft pirringur og stjórnsémi í starfsfólki gagnvart börnum. Tel að kostur á aukinni menntun fyrir starfsfólk gæti gert starfið faglegra og um leið jákvæð upplifun fyrir börnin.
- Mætti vera sveigjanlegra val á börnum inn í frístundaheimilin á veturna, þe 1.bekkur gengi fyrir þó fólk hafi flutt í hverfið að sumri og þal ekki getað sótt um á réttum tíma og skoða hvort einhver sé til í að koma til móts við svo sem flestir séu ánægðir.
- Meira skipulagt starf, meiri gæsla með börnun - fengið símtal mörgum klst eftir að barnið var sótt og spurt hvar það væri, veit að börn "stinga af". Þarf betri þrif á staðnum. Samt mjög hjálplegt starfsfólk sem börnum finnst gaman að vera með, held það þurfti samt að þjálfar þau betur í að skipuleggja starfið með börnunum. Þetta er meira "geymsla og leikur" heldur en virkt starf. Mjög mörg börn á öllum aldri - örugglega erfitt að hafa umsjón með þeim. Óásættanlegt að strákar fá að vera í fótbolta í Víking en stelpum ekki boðið uppá slíkt.
- Meiriháttar.
- mér finnst að einstæðir ættu að fá niður greiðslu fyrir barnið sitt það myndi velta mest á hvort að ég myndi nýta mér þetta eftir hvað það myndi kosta fyrir barnið og hafa pláss
- mér finnst aðbúnaðurinn í Krakkakoti alls ekki góður. Börnin ættu að geta kúplað sig út úr skólaumhverfinu eftir skóla en þar eru þau með skólafestu til að dvelja í fram að lokun. Einnig finnst mér skipulagið engan veginn gott, það mætti vera miklu meiri "heimilisbragur" á þessu. Eins og er er þetta geymslustaður eingöngu fyrir börnin.
- Mer finnst aðstaðan leig og vil lagmarka tíma sonar míns tharna. Eg held líka að þar sem sumarfrí skola er eigi að hvíla thessa thjonustu og leyfa theim að upplifa eitthvað annað.
- M'er finnst ekki vera passað nógu vel upp á fatahengið, fötin eru látn liggja út um allt, það þarf bæði að venja börnin á að hengja upp eftir sig og fylgja
- mér finnst elstu börnin ekki vera nógu ánægð, kvarta yfir að þeim leiðist, kannski mætti gera eitthvað meira fyrir þennan eldri hóp. Sonur minn sem er nú í 3 bekk þvertur fyrir að fara á frístundaheimilið á næsta ári, mér þykir ólíklegt að hann fái til að fara þangað í sumar.
- Mér finnst hún alveg frábær í Denna
- Mér finnst hún vera mjög góð, sérstaklega í Denna dæmalausa í Seljaskóla.
- Mér finnst Neðstaland veita mjög góða þjónustu, á tímum þar sem erfitt er með mannaráðningar. Fríða á hrós skilið fyrir góða, skelegga en um leið hlýlega stjórn.
- Mér finnst nokkuð skritið að spurt sé um þjónustu frístundaheimilanna þegar ykkur vantar starfsfólk til að taka inn alla þá krakka sem enn eru á biðlista og bíða eftir að komast inn og það er bráðum kominn apríl 2008. Við vitum hvernig þið borgið og skammist ykkar!
- Mér finnst óréttlátt að það sé sama verð fyrir börn sem eru úr 1.bekk og fyrir börn sem eru úr 2.bekk, vegna þess að 2.bekkur er búinn einni klukkustund seinna í skólanum og nýtir þar með styttri tíma í frístundaheimilinu. Einnig finnst mér alveg ófært að ekki sé veittur systkinaafsláttur þegar foreldrar eru með fleiri en eitt barn í vistun og að ekki sé hægt að velja sér styttri vistunartíma og borga eftir því, t.d. 14:00 - 16:00 eða 14:00 - 15:30. Ég er til að mynda með tvö börn í vistun í frístundaheimili og er að borga rúmar 20.000.kr á mánuði fyrir 4 tíma fyrir annað barnið og 3 tíma fyrir hitt barnið. Þetta er mun hærri upphæð heldur en ég var að borga fyrir bæði börnin í leikskóla fyrir 9 tíma vistun. Það var mikið fjárhagslegt stökk þegar börnin byrjuðu í skóla - ég sem hélt að það yrði mun ódýrara.
- Mér finnst það skilyrði að þeir sem vinna á frístundarheimilum fari á námskeið hjá Rauðakrossinum í fyrstu hjálp og endurlífing. Þetta finnst mér vegna þess að þarna er um börnin okkar að ræða og á þessum árum og sérstaklega á þessum tíma, þ.e. sumartíminn, að þá geta slysin verið mörg.
- Mér finnst þetta bara mjög gott starf sem uppá er boðið
- Mér finnst þetta frábær koostur og skil raunar ekki að fleiri skuli ekki nota þessa þjónustu. Allavega er okkar strákur alsæll þar sem hann er og ef, einhverra hluta vegna, hann er ekki að fara þangað er hann voðalega sár. Takk fyrir okkur.
- Mér finnst þetta frábær lausn ef af verður. Ég er afar ánægð með skólasel Ártúnsskóla í alla staði og barni mínu líður mjög vel þar
- mér finnst þetta frábært framtak, þó svo að ég persónulega myndi ekki nýta mér þetta nú í sumar.

- Mér finnst þetta mjög góð hugmynd það er ekki spurning..
- Mér finnst þetta mjög góð og þörf hugmynd að bjóða uppá heilsársþjónustu frístundaheimila. Gefur barninu öryggi að halda áfram á sama "vinnustað" og veldur minna róti yfir sumartímann, sérstaklega ef einnig er hægt að halda einhverju af sama starfsfólkinu.
- Mér finnst þetta mjög sniðug hugmynd, ég var einmitt að velta því fyrir mér hvernig sumarið yrði fyrir okkur því við vinnum bæði úti og fáum ekki meira en mánuð í sumarfrí og eitthvað þurfa börnin að gera á meðan. Svo hafa þau gott af að hitta jafnaldra sína.
- Mér list illa á að hafa heilsársopnun á frístundaheimili. Börnin eru þarna allan daginn eftir skóla og eru flest held ég búin að fá ógeð á heilsdagsgæslunni í lok skólaársins. Mikilvægt er að brjóta skólaárið upp með því að fara í frístundastarf í öðru umhverfi. Sumarið má ekki vera eins og veturinn. Dóttir mín var í Tígrislandi í Víkurskóla í fyrra og var hún ánægð með nýtt umhverfi.
- Mér þætti eðlilegt að krakkar sem eru fæddir 2000 geti byrjað á smíðavöllum í sumar
- Mikil ánægja með frístundarheimilið.
- Mikilvægt að starfið sé fjölbreytt annars verða krakkarnir leiðir til lengdar. Frábær hugmynd að hafa þetta tengt frístundarheimilinu í stað þess að þurfa að senda börnin á endalaus námskeið. Þematengdar vikur eru mjög sniðugar :)
- Mikilvægt að starfsfólk sé ábyrgt og fylgist vel með börnunum
- Mikilvægt að það verði um fjölbreytta afþreyingu og hreyfingu að ræða. Hefði viljað að fagaðilar kæmu að sumarstarfinu s.s. kennarar, íþróttakennarar og tómskundafulltrúar. Ef starfið í Fjósinu verður með sama hætti og í vetur, en mín upplifun er sú að eingöngu sé um gæslu að ræða, er ég ekki viss um að ég muni nýta mér þjónustuna í sumar nema í neyð.
- Mikilvægt er að starfið sé faglegt og æskilegt að sumartíminn sé notaður til útíkennslu og umhverfisfræðslu. Líklegt er að barnið fari á námskeið, t.d. hjá Myndlistarskóla Reykjavíkur, Kramhúsinu eða öðrum, og það mun þá gerast á tímabilinu 2. júní til 11. júlí.
- Mikilvægt er að þjónustan sé fjölbreytt, höfði til áhuga barnanna og þau fái tækifæri til að takast á við hæfilega ógrandi verkefni. Áhersla ætti að vera á útiveru og hreyfingu. Gott væri ef að mögulegt væri að nýta námskeið í boði hjá öðrum t.d. Fjölni hálfan daginn og frístundaheimilin á móti og að samvinna væri höfð um að koma börnunum á milli án þess að foreldrar þyrftu að fara úr vinnu til þess.
- Minn gutti Ólafur Eysteinn komst ekki að síðasta vetur.
- Mjög æskilegt og got að þessi þjónusta sé til staðar í júní og ágúst í takt við leikskólana t.d.
- MJÖG ALMENNILEGT OG GOTT STARFSFÓLK Í VÍK
- Mjög ánægð með Brosbæ faglegt starf og notalegt að koma og sækja barnið:)
- Mjög ánægð með frístundaheimilið, gott starf í boði.
- Mjög ánægð með frístundaheimilið, Skólasel í Ártúnsskóla.
- Mjög ánægð með frístundina í Vík, frábærir starfsmenn og forstöðukonan er frábær líka. Mjög góð samskipti á milli allra, upplýsingaflæðið er mjög gott og vel haldið utan um allt. Barnið fer alltaf ánægt í Vík og kemur alltaf ánægt heim þaðan. Það segir meira en mörg orð. Takk fyrir.
- Mjög ánægð með Sólþúa, gott starfsfólk
- Mjög ánægð með starf og starfsfólk Selsins!
- Mjög ánægð með starfið í Kastala
- Mjög ánægð með starfið í Selinu Melaskóla. Þætti mjög gott ef sonur minn gæti verið áfram þar í sumar með vinum úr skólanum. Finnst þetta afar góð hugmynd sem ég vona að gangi vel að vinna úr.
- Mjög ánægð með starfsemi frístundaheimilisins og finnst mjög jákvætt ef það verður af sumaropnun
- Mjög ánægð með starfsemi Sólþúa. Frábært starfsfólk sem smitar gleði til bæði barna og foreldra.
- Mjög ánægð með starfsfólkið á Simbað, heimilislegt andrúmsloft og persónuleg þjónusta.
- Mjög ánægð með það starfs sem fer fram í Selinu og einnig ánægð með starfsfólkið þar
- MJÖG ÁNÆGÐ MEÐ ÞJÓNUSTU Í TÖVRASELI :)
- Mjög ánægð með þjónustuna og barnið kemur alltaf ánægt heim.
- Mjög ánægð með þjónustuna og starfið í Töfrasel, megið koma því áleiðis!
- Mjög ánægð með viðmót starfsfólks í selinu Melaskóla, vinnalegt og alltaf reiðubúið að sinna börnunum.
- Mjög ánægð með Sólþúa og Valda forstöðumann. Almennt hef ég þá skoðun að best væri að hafa íþróttir og tónlistarnám strax að loknum skóla fyrir börn í 1. til 4. bekk, sérst. í hverfinu okkar (umhverfis Breiðagerðisskóla) þar sem langt er í Víkina og tónlistarskóla.
- Mjög ánægður með starfsfólk og þjónustu Skýjaborga
- Mjög góð aðstaða í Vík og frábær stjórnun!
- Mjög góð hugmynd að ætla að bjóða upp á heils-árs þjónustu. List mjög vel á.
- Mjög góð hugmynd en það þarf þá að vera sambærilegt í boði og á þessum leikjanámskeiðum til að vekja áhuga barnanna. Fjölbreytt dagskrá og vettvangserðir.
- Mjög góð og fjölbreytt starfsemi í Selinu! Heba og hennar fólk fá toppeinkunn.
- Mjög góð þjónusta
- Mjög góða þjónustulund.
- Mjög gott framtak og líklegt að við munum nýta það eitthvað í sumar. Óvíst er þó hvaða vikur það munu vera!
- Mjög gott starf er unnið í Denna í Seljahverfinu.
- Mjög gott starf í Töfrasel - er mjög ánægð :-)
- Mjög gott starfsfólk, allt til fyrirmyndar
- Mjög gott starfsfólk. Góð þjónusta. Gott starf!
- Mjög sátt, Hlíðarskjól er yndislegur staður fyrir dóttur mína.
- Mjög þarft og jákvætt að bjóða upp á svona þjónustu !
- Mun redda okkur alveg ef þessi þjónusta verður í boði í sumar:-)
- Mundi vilja sjá skipulagðara starf þar sem hægt væri að vita ca hvað lægi fyrir að gera á hverjum degi og hvenær dagsins. Einnig að starfsmenn tækju virkari þátt í leik barnanna svo það endi ekki á því að þau séu í eltingarleik eða ærsla leik mestan hluta dagsins.
- myndi ekki þurfa að vinna alla dagana sem gefnir eru upp, þar sem ég vinn vaktavinnu. En tal það góða þörf ef það væri starf innan frístundaheimilanna, eins og hefur verið sbr leikjanámskeið
- Myndi mjög gjarnan vilja nýta mér þessa þjónustu á sumrin ef hún væri í boði í Simbað- Hamraskóla á sumrin en ekki annarsstaðar (og sá möguleiki er ekki í listanum)
- Námskeiðin þurfa að vera fjölbreytt og vönduð. Mega ekki vera framlenging á starfi yfir veturinn þótt þar sé unnið ágætt starf. Það þarf gott fólk og svo þarf að laga aðstöðuna í skýjaborgum, hún er hörmuleg vægast sagt. Er t.d. unnt að bjóða uppá sund námskeið í tengslum við þessi námskeið, eða hestanámskeið, keramik osfrv?
- Nauðsynleg þjónusta fyrir allflest barnafjölskið þar sem eru tvær fyrirvinnur
- Nauðsynlegt að hafa fjölbreytt starf og því skiptir meira máli gæði þjónustu en að við foreldrar þurfum að greiða aukalega
- Nei
- nei
- nei
- Nei
- Nokkuð ánægð með starfið, fyrir utan tíð skipti á starfsfólki
- Nýtti mér námskeiðin í fyrra. Var ánægð en finnst samt að það megi vera meira um að starfsemin snúist um það sem er í næsta

- nágrenni. Það er ekki alltaf þörf á að fara langt til að hafa gaman.
- Oft hefur verið erfitt að fá pláss á frístundaheimilum, sérstaklega í byrjun vetrar og ef mannekla er mikil. Engu að síður var ekki í boði fyrir en seint og um síðir að samnýta pláss, þ.e. borga einungis fyrir þá daga sem notaðir voru svo aðrir gætu nýtt lausa daga. Þetta reyndist vel í fyrria og er mér óskiljanlegt hvers vegna þetta var ekki gert aftur í ár fyrir en nú í febrúar. Sjálfsagt verður hið sama upp á teningnum næsta ár, eða hvað?
 - Okkur finnst starfið í frístundaheimilinu Frissa Fríska allveg frábært og starfsfólkið til fyrirmyndar. Frábær þjónusta hjá ítr að bjóða uppá opnum í sumar
 - Þrýðilegt í Selinu. KRAKKARNIR ÁNÆGÐIR OG GOTT FÓLK Í STARFI
 - Reiknum með að senda stelpuna á eitthvað af sumarnámskeiðum ITR
 - Reynsla mín af Neðstalandi er afar góð, þar er fjölbreytt starf og ég get ímyndað mér að í sumar gæti verið mjög gaman að nýta Fossvogsdalinn til útvistar
 - Selið í Melaskóla í mikilli faglegri sókn - flott starf!
 - Sérstaklega góð dagskrá fyrir börnin í Álfabæ um páskana, þakkir fyrir það. Góð tenging Álfabæjar og Fram. Starfsfólk mætti glöggva sig betur á þeim sem eru að sækja börnin og einnig að kynna sig.
 - Síðasta vetur var boðið upp á Íþróttaskóla einu sinni í viku í Víðiseli, að ég held í samvinnu við Fylki. Þetta kom mjög vel út, bæði sem kynning og auka hreyfing. Ef hægt væri að auka íþróttaiðkun við hæfi ungra barna svo að ekki þurfi að þeytast með þau seinnipartinn væri það mjög góð viðbót við það frábæra starf sem fram fer í Víðiseli.
 - Simbað er fyrir valinu hjá okkur en við hökuðum við Selið, því það er tvisvar nefnt í lista en ekki Simbað.
 - Skiptir miklu máli að hafa ábyrga aðila sem gæta barnanna, þ.e. tryggja öryggi barnanna nr. 1,2, og 3. Fjölbreytta dagskrá fyrir þau. Öðrvísi dagskrá heldur en var í vetur svo þetta verði ekki eins og veturinn. Láta börnunum líða vel og nota góða veðrið í sumar (vonandi) og vera mikið úti í leikjum og/eða göngutúrum.
 - Skólasel er æðislegt frísutundarheimili og það væri mikil búbót fyrir foreldra að geta haft góða og tryggja aðstandendur eins og eru í Skólaseli, ég er einnig með einn í 6 ára bekk svo ég er með 2 á þessum aldri.
 - Skólasel í Ártúnsskóla er frábært frístundaheimili. Það er eflaust leitun að öðru eins.
 - skráning í vistun þegar frí er í skólum þyrfti að vera rafræn, börnin gleyma oft að skila miðum sem þau eru send með vegna þessa bæði í frístundaheimili og heima.
 - Sonur minn byrjaði í frístundaheimilinu Vík í haust og er alsæll (var mjög ósáttur þar sem hann var árin tvö á undan).
 - Starfsfólkið í Vík og starfið er til fyrirmyndar.
 - Sonur minn er hvergi eins ánægður í heiminum eins og í Vesturhlíð! Mér virðist starfsfólkið vera til fyrirmyndar og einstaklega góður andi á staðnum.
 - Sótti reyndar um fyrir 2 börn ,stelpu og strákur, strákurinn er í 3 bekk og stelpa í 4 bekk en hún er greind ofvirk og með athyglisbrest .en ég fékk ekki inn fyrir þau . Þó að ég væri einstæð 3 barna móðir þannig að ég er ekki ánægð þá þjónustu sem að ég fékk.....vildi koma því á framfæri og vona að það séu ekki fleiri sem að hafa lent í minni stöðu
 - starfið í Selinu hefur verið gott í vetur
 - Starfið sé þroskandi og skemmtilegt
 - Starfsfólk Álfheima á hrós skilið fyrir gott og skemmtilegt hugmyndarflug þegar kemur að því að hafa ofan fyrir krökkunum sem eru í vistun þar.
 - Starfsfólk Vesturhlíðar hefur verið að standa sig mjög vel í því sem þau eru að gera og bjóða upp á og er barnið mitt ánæggt að fara þangað. Ég legg allt mitt traust á Vesturhlíð í sumar.
 - Starfsfólkið mætti stundum vera virkara þegar ég sæk barnið mitt, standa upp og bjóða góðan dag og kveðja.
 - Starfsfólkið mætti vera meira meðvitað um barnið en það er. Almenn umgengni í fataklefanum mætti líka vera miklu betri.
 - Stelpan mín er mjög ánægð í Tófraseli og jákvæð að vera þar. Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Silja á hrós skilið.
 - StjórnuLand er frábært, krakkarnir mínir eru himin sæl með allt þar. Líflegt starfsfólk sem sinnir krökkunum vel.
 - StjórnuLand er hreint til fyrirmyndar, öll starfsemi sem og starfsfólk. Það eru forréttindi að vita af barninu sínu í svona góðum höndum.
 - Strákurinn minn er mjög ánægður með Álfheima og starfsfólkið þar hefur verið til fyrirmyndar þennan veturinn þó að oft hafi verið fálíðað. Það eina sem ég vil setja út á er miðdagshressingin sem börnin fá, en mér finnst hún oft ekki mjög næringarrík. Myndi vilja sjá meira af ávöxtum og brauði með góðu álegg.
 - Stúlkan mín er búin að vera á biðlista síðan í byrjun skólaárs og hefur ekki enn komist inn, svo ég veit ekki alveg hvort maður eigi nú að stóla á það að hún komist inn í þetta skipulag núna.
 - Sumarstarfið þyrfti að vera tölvert fjölbreyttara en vetrardagskráin, til að börnin vilji vera þar á sumrin líka.
 - Sveigjanleiki er alltaf æskilegur. Ekki má gleyma vaktavinnufólki!
 - Það er allt í lagi að þetta kosti eitthvað meira á sumrin
 - Það er ekki úr vegi að skrifa hér hversu ánægð ég er með Regnbogaland. Það mundi leysa ýmsa vanda ef það væri opið yfir sumartíman að einhverju leyti því starfið þar er bæði ánægulegt fyrir mig og son minn.
 - Það er frábært ef þið sjiði ykkur fært að vera með frístundarheimilinn opinn yfir sumarið það myndi létta áhyggjum af mörgum heimilum því flest eru við í vandræðum yfir sumarið
 - Það er mjög slæmt að frístundaheimilin skuli vera lokað í skólafríum eins og t.d vetrarfrí því þá einna helst þarf maður mikið á þessu að halda.
 - Það fer eftir því hvaða þjónustu er verið að bjóða upp á og hvað er í boði fyrir krakkana að gera yfir daginn, hversu margar vikur maður tæki yfir sumarið.
 - Það kæmi sér vel ef Krakkakot í Hvassaleitisskóla væri opið fyrstu vikuna í júní því þá er enn ekki byrjað að bjóða upp á „sumarnámskeið“.....í fyrria var það amk. þannig að það var ein vika eftir að skóla lauk sem enginn gæslumöguleiki var fyrir barnið mitt þar sem skólinn sem ég vinn í er með skólaslit viku síðar en Hvassaleitisskóli. Mér líst vel á þá hugmynd að sama starfið haldi áfram fram á sumar.....en mikilvægt er að hafa lágmarksfrí fyrir börn t.d. 4 vikur eins og leikskólarnir hafa til að tryggja að öll börn fái sumarfrí.
 - Það mundi bjarga heimilisáðstæðum að geta sent barnið í frístund við þurfum annars að kaupa okkur aðra pössun. Og mér finnst það starf sem ÍTR er að sjá um ómetanlegur hluti í lífi barna minna og mikilvægt fyrir þroska þeirra að þau hafi stöðugleika yfir sumartíman líka.
 - Það myndi leysa minn vanda varðandi barnagæslu og vinnu að miklu leyti ef frístundaheimilið hefði opið í sumar. Mér fyndist það alveg frábært og myndi notfæra mér þá þjónustu í stað þess að vera að hendast á milli námskeiða og ættingja með barnið.
 - Það væri alveg ómetanlegt fyrir margar fjölskyldur í Reykjavík ef þessi þjónusta væri í boði.
 - Það væri frábært að fá þjónustu sem þessa. Er mjög ánægð með starf Undrlands. Hugsanlega væri hægt að fá inn aðila með ýmiss námskeið ef fjöldi barna færi yfir X. (fyrir þá þjónustu væri þá greitt aukalega).
 - Það væri frábært ef af þessu yrði. Gott að hafa næga hreyfingu og fjölbreytini f. krakkana í sumar
 - Það væri frábært ef frístundaheimilin yrðu opin í sumar. Margir foreldrar eiga einungis frí í þrjár til fjórar vikur frá vinnu á ári og engin vill skilja 6, 7 eða 8 ára börn eftir alein heima heilu dagana. Þetta yrði því frábær lausn. takk, takk
 - Það væri frábært ef Plútó væri opin í sumar. Stráknum finnst mjög gaman þar.
 - Það væri frábært ef þetta gæti orðið að veruleika þar sem mesti höfuðverkurinn er að finna stað og stund fyrir barnið í sumar, ég vona svo innilega að það náist að skipuleggja þetta
 - Það væri góð þróun í framtíðinni ef frístundaheimilin og íþróttafélögin gætu tengst meira. Annars eru þið að bjóða upp á frábæra þjónustu:).
 - Það væri gott að fá hádegismat fyrir börnin. Viðfangsefni verða að vera í samræmi við getu hvers aldurs skeiðs. Gaman væri að vera með hjólaferðir, línuaskautakennslu o.fl. Fara í léttar hjólaferðir. Einnig er hin frjálsi leikur mikilvægur þ.e. að börnin

- fái að skipuleggja sinn eigin leik (úti að leika). Það er mjög mikilvægt að vera úti sama hvernig viðrar.
- Það væri mjög gott ef frístundaheimilið yrði í samstarfi við íþróttaskólana eins og t.d. fótboltanámskeiðin, upp á að sækja eða fara með nemendurnar á milli.
 - Það vantaði inná Simbað - Hamraskóli í " hvar ég myndi nýta þessa þjónustu ". Ég styð þetta eindregið og mæli með þessu. Takk takk
 - Þakka fyrir góðan vetur.
 - Þakka fyrir ljómandi góða þjónustu!
 - Þakka starfsfólki Selsins í Melaskóla fyrir vel unnin störf.
 - Það vantar simbað í Hamraskóla sem valmöguleika en selið í Melaskóla kemur 2 fyrir.
 - Þar er unnið frábært starf. Takk fyrir.
 - Þarf að koma í veg fyrir skerðingu þjónustu vegna aksturs - frístundatilboð fyrir börn eiga ekki að stjórna af skipulagsleysi Allrahanda og Strætó. Annars verði ánægð með starfið í frístundaheimilinu þar sem leitast er við að sinna hverjum og einum eins og viðkomandi þarf. Viðhorf starfsfólks almennt jákvæð og vilji og hugmyndaauði til staðar eins og þarf að vera í starfi með ungu fólki.
 - Þau eru frábær þjónusta. Ég ráðlegg að varast sundferðir án þess að vera með mjög marga leiðbeinendur vegna slyshættu - jafnvel sleppa þeim.
 - Þau í veturhlíð eru æðisleg!!!!!!
 - Þegar barnið er veikt finnst mér að það eigi að fella niður þá daga sem barnið kemur ekki ef maður lætur vita fyrir kl. 10 að morgni .
 - Þessar vikur sem ég valdi eru þær sem eru líklegastar að ég myndi nýta, ég myndi þurfa tíma frá 8:30-16:30. Ég er mjög ánægð með þá þjónustu sem ég hef fengið hingað til hjá Stjórnlandi, það er alveg frábært fólk þar í flestum stöðveldum og vona ég að þau verði áfram þarna.
 - Þessi könnun pirrar mig því barnið mitt er búð að vera á biðlista í allan vetur, svo til hvers að svara könnun um hvort ég vilji hafa það í frístundaheimili í sumar þegar það kemst ekki einusinni inn á veturnar. blehhh
 - Þetta er áhugavert og myndi senda mitt barn ef í boði væru íþróttir og annað sambærilegt sem íþróttaleikjanámskeiðin eru að bjóða upp á
 - Þetta er frábært framtak og á eftir auðveldar foreldrum og börnum mikið þúsl sem alltaf er á sumrin, verður minni óvissa og þeytingur á milli gæsluaðila og barnið verður öruggara með sig, barnið veit hvert það er að fara og þekkir sig vel. Klapp fyrir ykkur.
 - Þetta er löngu þarft
 - Þetta er mjög góð hugmynd.. og auðveldar foreldrum, sérstaklega einstæðum foreldrum að plana sumarið á meðan vinnu stendur yfir sumartímann.. Mjög gott framlag.
 - Þetta er snilldarleg og algjörlega nauðsynleg viðbót við annars frábæra þjónustu frístundaheimilanna.
 - Þetta færi allt eftir hvað þetta mundi kosta.
 - Þetta nauðsynlegur þáttur í tilveru barnsins, sérstaklega í 1.bekk. Þau eignast vini og ná að byggja upp félagsþroska. Ef þau eru heima, þá eiga þau á hættu að einangrast. Mér finnst starf frístundaheimilanna mjög gott og mundi vilja sjá starfsfólk þeirra njóta meiri virðingar..
 - Þetta þarf þá að vera meira spennandi en frístundaheimilin eru á veturna. Vera sett upp eins og leikjanámskeiðin, fara í ferðir og vera með þau í íþróttum, fara í sundferðir, nauthólsvík etc
 - Þetta væri frábært framtak ef að þessu verður, veit að margir foreldrar myndu nýta sér þetta.
 - Þetta væri frábært framtak sem mundi bjarga vanda margra fjölskylda yfir sumarið.
 - Þið eruð frábær!
 - Þjónusta frístundaheimilanna er ómetanleg fyrir mig. Ég gæti ekki haldið minni vinnu, nyti hennar ekki við. Strákurinn minn er 15 ára og er með down´s heilkenni. Hann gæti ekki klárað sig einn heima eftir skóla alla daga. Vil þakka starfsfólki Vesturhlíðar fyrir frábært viðmót og ómetanlegt starf.
 - Þjónusta í Tígrissbæ hefur verið frábær og til fyrirmyndar:)
 - Þjónusta Neðstálans er til söma.
 - Þjónusta Regnbogalands er á allan hátt til fyrirmyndar. Allir foreldrar sem ég hef rætt við eru þeirrar skoðunar að starfsfólkið þar sé frábært, raunar framúrskarandi.
 - Þjónusta Stjórnulands er til fyrirmyndar í alla staði.
 - Þjónustan er frábær í einu orði sagt. Ég er hæst ánægður með þjónustu ÍTR í heild sinni.
 - Þjónustan er frábær, en þarf ekki á henni að halda á sumrin þar sem ég er sjálf í fríi. Held að sumarþjónusta kæmi sér mjög vel fyrir margar fjölskyldur :)
 - Þjónustan í Stjórnlandi - Grafarholti - er á allan hátt til mikillar fyrirmyndar. Vel staðið að öllu og á metnaðarfullan hátt. Flott.
 - Þjónustan í Undralandi er alveg til fyrirmyndar og Auður stendur sig frábærlega :-)
 - Þjónustan mætti vera mun markvissari og metnaðarfullri, með einhverskonar dagskrá fyrir börnin, í stað þess að hafa frjálstan tíma dag hvern og ekkert prógram né vettvangsferðir. Ef ég væri ánægð með starfsemi frístundarm myndi ég pottþétt nýta mér þessa þjónustu sem þið spyrjið um í þessari könnun :)
 - Þjónustan og starfsfólkið í Vesturhlíð hefur verið frábær hingað til, vona að hægt verði að auka þjónustuna yfir sumartímann.
 - Þyrfti að vera til ískápur og örylgjuöfn þar sem þessi þjónusta er í boði eða bjóða upp á mat
 - Til að til greina komi að nýta þjónustu frístundaheimila í sumar verður að vera metnaðarfullt starf með börnunum. Mikil útvera og áhugaverðar skoðunarferðir og fræðsla fyrir börnin. Það verður var vera tilbreyting svo þau fái ekki leið á að vera þarna allan veturinn og nánast allt sumarið líka.
 - Treysti ekki starfsfólki til að sjá um barnið allan daginn eins og aðstæður eru í dag. Barnið er með fötlun og þarf sérhæfða aðstoð sem virðist ekki vera í boði hjá ÍTR. Ég myndi því ekki nýta mér þjónustuna við óbreyttar aðstæður.
 - Vantar fólk sem hefur lært að vinna með börnum. Viðfangsefni þurfa að vera áhugaverðari, sérstaklega fyrir eldri hópin. Ég tel að börn og foreldrar þurfi á þessari þjónustu með skólanum fyrir 6 til og með 9 ára en þau vilja ekki mæta þegar þau eru 8 og 9 ára gömul því þeim finnst leiðinlegt. Hærri laun, meiri dagskrá eða krefjandi viðfangsefni og val, ánægðari börn og foreldra. Gott væri að ÍTR sæi um að skutla börnum í næsta íþróttafélag eða fylgja þeim.
 - Vantar miklu meira af spennandi skipulögðu starfi á meðan krakkarnir eru þarna, í vetur hefur annsi lítið spennandi verið í gangi í vetur og mikill leiði í minni skvísu og veit um fleiri !!
 - Veit ekki hvaða vikur ég mun nýta. Finnst gott að hafa möguleikann á að frístundaheimilin séu opin en held líka að það sé gott fyrir barnið að fá tilbreytingu frá vetrinum og fást við eitthvað nýtt á sumrin.
 - Veit í rauninni ekki hvernig ég mun nýta mér þetta en það fer eftir hvernig sumarfríin verða hjá okkur. Svo sóttum við um í fjósinu þegar skólinn byrjaði og við fluttum hingað suður og hún er ekki kominn inn enn svo maður veit ekki hverju maður á að svara.
 - Verð með barn í 1. bekk næsta vetur. Myndi nýta mér þjónustuna sumarið 2009.
 - verður það mannað í sumar??
 - Verður þessi þjónusta að einhverju leyti tengd íþróttum og leikjanámskeiðum íþróttafélaganna í hverfunum? Með því verði aukið við það val sem í boði er yfir veturinn og minnkar hættuna á því að vistin verði leiðgjörn. Erum annars mjög ánægð með þá þjónustu sem að í boði er nú og barn okkar hefur verið mjög ánægð í Bakkaseli
 - Við erum mjög ánægð með krakkana sem er að vinna í Tígrissbæ
 - Við erum mjög ánægð með starfsfólkið á Sólubúum. Viljum endilega að það komist til réttara aðila. Kærar þakkið.
 - Við erum mjög ánægð með þjónustuna (selið í Melaskóla) og finnst starfið metnaðarfullt og gott.

- Við erum mjög ánægð með þjónustuna í Töfraseli.
- Við foreldrarnir erum mjög ánægð með Hlíðaskjól en teljum nauðsynlegt að börnin hvíli sig á þessari starfsemi yfir sumartímann og skipti um umhverfi til þess að forðast leiða hjá börnunum. Við höfum hugsað okkur að sækja um hjá Íþróttafélaginu Val um einhverja afþreyingu.
- Við foreldrarnir erum mjög ánægð með starfsemi frístundaheimilanna.
- Við höfum verið mjög ánægð með þjónustuna eins og hún hefur verið á skólatíma. Vikurnar sem merkt er við hér að ofan miðast við hámarksþörf.
- viðburðir þar þurfa að vera fjölbreyttir svo barnið vilji vera þar.
- Vík er frábær staður syni mínum líður rosalega vel hjá ykkur
- Víkingur hefur til þessa boðið upp á vinsæl fótboltanámskeið sem mörg börn úr hverfinu sækja. Frábært væri að tengja starfsemi ÍTR og Víkings saman þannig t.d. að börnin gætu verið á fótboltanámskeiði f.h. og komið í Neðstaland að því loknu til kl. 16 þar til sumarleyfi fjölskyldunnar hefist. Ef þetta gengi eftir miðast viðvera barnsins í Neðstalandi við framangreindar forsendur.
- Vil frekar leikjanámskeið heldur en sumaropnun Frístundaheimilis. Leikjanámskeið meira spennandi í huga barnsins en að vera á Frístundaheimili að sumri. Ekki viss um að ég nýti mér þjónustuna af þeim sökum.
- vil láta það fylgja með að við erum mjög ánægð með þá starfsemi sem fer fram í Sólbúum. Frábært starfsfólk.
- Vil nú bara segja :frábært starfsfólk á frístundarheimilinu Vík.
- VILDI BETRI AÐSTÖÐU FYRIR BÖRNIN TIL AÐ STUNDA HREYFINGU EÐA ÍÞRÓTTIR.
- Vinna gott og annasamt starf.
- Vonandi verður sæmilegt verð, eins og leikjanámskeið hafa verið undan farna ár
- Yfir höfuð er þar góð og fagleg þjónusta og starfsfólkið er að vinna með börnin yfir veturinn og þekkir þau því vel og í því fellst ákveðið öryggi fyrir börnin, foreldrana og starfsfólkið.

Upplýsingar um hvernig tölfræði skýrslunnar er reiknuð

A. Tölflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru birtar í töflum og gröfum. Texti spurningarinnar sést efst í töflunni. Í töflunni eru birtir allir svarmöguleikar ásamt fjölda þeirra sem velja hvern svarmöguleika, prósentutölur og vikmörk hlutfalla. Töflurnar sem birta samkeyrslu (greiningu) spurninga sýna heildarfjölda svarenda sem svara tiltekinni spurningu, sniðmengi svara eru þeir þátttakendur sem svara báðum spurningum, þ.e. þeirri sem verið er að greina og þeirri sem verið er að greina eftir. Niðurstöður útreikninganna má birta ýmist eða bæði sem prósentu- eða fjöldatölu.

B. Vikmörk hlutfalla

Til að meta gildi niðurstaða rétt þarf grundvallarskilning á vikmörkum hlutfalla. Vikmörk hlutfalla segja til um hversu nálægt rétt niðurstaða er með einhverri tiltekinni vissu. Sem stendur segir þessi tala okkur með 95% vissu að hlutfall svarenda liggja á útreiknuðu bili +/- vikmörkin (hlutfall svara getur auðvitað ekki orðið minna en 0% eða meira en 100%). Dæmi: sé hlutfall svarmöguleikans "mjög gott" 78% og vikmörkin 4,5%, er vitað með 95% vissu að hlutfallið liggur á bilinu, 73,5% - 82,5% (78% +/- 4,5%).

C. Gröf

Gröf í Outcome eru ýmist súlurit, kökurit eða línurit. Með þeim myndrænan hátt meta niðurstöður hverrar spurningar.